



Fréttatilkynning
06 July 2023 16:11:00 GMT

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskar eftir framboðum til stjórnar

Hluthafafundur Íslandsbanka verður haldinn 28. júlí 2023 klukkan 11:00 og er stjórnarkjör á dagskrá fundarins.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka gegnir ráðgefandi hlutverki þegar kemur að kjöri til stjórnar bankans. Á þeim hluthafafundum þar sem kjör stjórnarmanna er á dagskrá leggur nefndin fram rökstuddar tillögur varðandi þá frambjóðendur sem hún telur best til þess fallna að taka sæti í stjórn bankans. Nánari upplýsingar um hlutverk tilnefningarnefndar og starfsreglur nefndarinnar má finna á [vef Íslandsbanka](#).

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskar eftir framboðum til stjórnar bankans sem kjörin verður á hluthafafundi bankans þann 28. júlí n.k. Senda þarf umsókn til nefndarinnar fyrir klukkan 16:00 þann 10. júlí 2023. Nefndin mun birta tilnefningar sínar þann 14. júlí 2023.

Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til tilnefningarnefndar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á [vef bankans](#).

Athugið að störf tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir hluthafafund bankans, þ.e. klukkan 16:00 þann 23. júlí 2023.

Ásamt tilnefningarnefnd bankans starfrækir Bankasýsla ríkisins sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar.

Samkvæmt samningi milli Íslandsbanka og Bankasýslu ríkisins skulu tilnefningarnefnd bankans og valnefnd Bankasýslunnar tryggja að þegar kjósa skal í stjórn, séu í framboði til stjórnar hópur sem uppfylli á hverjum tíma ákvæði laga um samsetningu, bæði hvað breidd þekkingar og kynjahlutfall.

Vilji hluthafar koma sjónarmiðum á framfæri við nefndina er varðar störf hennar í aðdraganda hluthafafundar, er þeim bent á að hafa samband við tilnefningarnefnd í gegnum netfangið tilnefningarnefnd@islandsbanki.is eigi síðar en 10. júlí 2023.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna, ir@islandsbanki.is



Fréttatilkynning
06 July 2023 16:11:00 GMT

Viðhengi

[Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskar eftir framboðum til stjórnar](#)